

# Pinggerð

15. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið þann 30. mars 2025 og hófst þinghald kl.12.

---

## 1. Pingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi

Hinrik Pálsson formaður KRAFT bauð gesti velkomna á ársþingið. Fyrsta og annað þingboð voru send með löglegum fyrirvara. Rétt hefur verið boðað til þingsins og það því úrskurðað lögmætt.

## 2. Pinggerð síðasta þings lögð fram

Pinggerð síðast þings hefur legið fyrir á netinu allt árið. Formaður bar þinggerð til samþykktar. Samþykkt einróma af fundarmönnum.

## 3. Kosning þingforseta og varapingforseta

Formaður KRAFT lagði til að Valdimar Leó Friðriksson yrði kosinn þingforseti og Sigurjón Pétursson til vara. Báðir eru réttkjörnir. Þingforseti kom í pontu og þakkaði traustið.

## 4. Kosning þingritara og varapingritara

Lögð fram tillaga um Laufeyju Agnarsdóttur sem þingritara og Þórunni Brynju Jónasdóttur til vara. Laufey og Þórunn eru réttkjörnar.

## 5. Kosning kjörbréfanefndar

Gerð var tillaga um að Lára Bogey Finnbogadóttir, Auðunn Jónsson og Þórunn Brynja Jónasdóttir tækju sæti í kjörbréfanefnd. Ekki voru aðrar tilnefningar og þau því réttkjörin.

## 6. Viðurkenningar

Formaður KRAFT veitti kraftlyftingafólki ársins og stigahæsta liði karla og kvenna viðurkenningar KRAFT.

Kraftlyftingakona ársins: Sóley Margrét Jónsdóttir, Breiðablik.

Kraftlyftingakarl ársins: Alexander Örn Kárason, Breiðablik.

Stigahæsta lið ársins í karlaflokki: Breiðablik

Stigahæsta lið ársins í kvennaflokki: Krafftélagið

Félagsmenn í Massa voru heiðraðir fyrir óeigingjarnt sjálfboðastarf á Heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum sem tókst í alla staði einstaklega vel

Gullmerki KRAFT hlutu Sóley Margrét Jónsdóttir og Júlían J. K. Jóhannsson

Fyrsti handhafi heiðursmerkis KRAFTS er Auðunn Jónsson sem hefur unnið óeigingjarnt starf í þágu kraftlyftinga til margra ára.

## **7. Ávarp gesta**

Kári Mímisson frá Íþróttamannanefnd ÍSÍ flutti stutt ávarp þar sem hann fór yfir það helsta sem er á döfinni hjá ÍSÍ.

Sigurjón Pétursson forseti IPF steig í pontu. Hann renndi yfir sögu KRAFT auk þess að segja stuttlega frá tveimur mikilvægum málum sem eru á borði IPF þessa stundina.

## **8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar**

Lára Bogey steig í pontu og fór yfir fjölda atkvæða.

33 kjörbréf voru send til 12 félaga. Fjöldi mættra þingfulltrúa er 25. Engin mótmæli við talningu atkvæða.

## **9. Skýrsla fráfarandi stjórnar kynnt**

Hinrik Pálsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hana er hægt að nálgast á heimasíðu KRAFT.

- KAFFIHLÉ -

## **10. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT lagðir fram**

Aron Ingi Gautason gjaldkeri KRAFT fór yfir endurskoðaða ársreikninga ársins 2024 með hliðsjón af ársreikningum 2023. Stilltur upp af skoðunarmanni félagsins Magnúsi Magnússyni viðskiptafræðingi og yfirfarinn af kosnum skoðunarmönnum. Ársreikninga má finna á heimasíðu KRAFT.

## **11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði**

Spurningar úr sal vegna einstakra atriða sem gjaldkeri og formaður svöruðu. Ársreikningar 2024 bornir undir atkvæði. Samþykktir samhljóða.

## **12. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun stjórnar KRAFT fyrir næsta starfsár lögð fram, rædd og borin undir atkvæði**

Aron Ingi gjaldkerfi fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Engar spurningar frá fundarmönnum. Fjárhagsáætlun 2025 samþykkt samhljóða.

## **13. Tillögur að lagabreytingum, sem og aðrar tillögur**

Formaður steig í pontu og fór yfir breytingar á lögum KRAFT sem stjórn leggur til að verði gerðar en laganefnd KRAFT kom að þessari vinnu. Um er að ræða breytingu á lögum KRAFT þess efnis að festa í sessi hlutverk stjórnar sem

úrskurðaraðila í í málum sem upp kunna að koma innan kraftlyftingahreyfingarinnar í stað þess að flestum málum sé vísað beint til dómstóla ÍSÍ. Einnig eru lagðar til nokkrar minni breytingar og uppfærslur. Þingforseti fór hverju breytingu fyrir sig og bar undir atkvæði. Lagabreytingarnar hver fyrir sig voru samþykktar samhljóða. Þingforseti bar undir samþykki breytingarnar í heild sinni. Lagabreytingar í heild sinni samþykktar samhljóða.

#### **14. Ákvörðun um þáttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils**

Tillaga stjórnar KRAFT að halda þáttökugjöldum óbreyttum.

Tillaga samþykkt samhljóða.

#### **15. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, formanna fastanefnda sambandsins, fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ**

- Laufey Agnarsdóttir er ein í kjöri til formanns KRAFT og er því réttkjörin.
- Skoðunarmenn ársreikninga, Ari Kárason og Helgi Briem, hafa ekki beðist lausnar og eru því réttkjörni sem og varaskoðunarmenn ársreikninga, Ellert Björn Ómarsson og Sigurjón Pétursson.
- Formaður laganefndar, Þórunn Lilja Vilbergssdóttir, óskaði eftir að hætta á miðju kjörtímabili. Daði Heiðar Kristinsson var einn í kjöri til formanns laganefndar og því réttkjörinn sem formaður laganefndar til eins árs.
- Sem fulltrúa KRAFT á ársþingi ÍSÍ samþykktu fundarmenn samhljóða að það yrðu formaður, varaformaður og frkv.stjóri.
- Engar aðrar breytingar á formönnum fastanefnda KRAFT.
- Í stjórn KRAFT voru laus þrjú sæti til tveggja ára og eitt sæti til eins árs. Fimm buðu sig fram í sætin fjögur : Alex Cambray Orrason, Auðunn Jónsson, Elín Melgar Aðalheiðardóttir, Ingimundur Björgvinsson og Kristleifur Andrésson. Þingforseti bauð framboðunum að kynna sig stuttlega í stafrófsröð. Auðunn ákvað í pontu að draga framboð sitt til baka. Eftir voru fjögur framboð í fjögur sæti og því sjálfkjörin. Alex óskaði eftir því að taka sæti í eitt ár sem samþykkt var samhljóða.

Ný stjórn KRAFT : Alex Cambray Orrason, Aron Ingi Gautason, Elín Melgar Aðalheiðardóttir, Ingimundur Björgvinsson, Kristleifur Andrésson, Laufey Agnarsdóttir (formaður) og Þórunn Brynja Jónasdóttir.

#### **16. Minning**

Fundarmenn risu úr sætum til að votta virðingu sína, Skúla Óskarssyni, sem lést á síðasta ári.

#### **17. Önnur mál**

A. Aron Friðrik reis á fætur til að varpa fram tillögu að breytingum á vinnulagi kviðdóms í keppnum. Skv. reglum IPF þarf 3/5 af fimm manna kviðdóma að

vera samþykkir til að breyta niðurstöðu eða 3/3 í þriggja manna kviðdómi. Aron Friðrik telur að sanngjarnast sé að hver og einn í kviðdómi sé með sitt dómaraljós sem virkar í ákveðinn tíma, Þanngi er gætt hlutleysis einnig í kviðdómi. Nokkrir fundarmenn tjáðu sig m.a. Helgi Hauksson Catl dómari. Þingforseti lagði til að Aron Friðrik komi tillöggunni á blað og sendi á nýja stjórn KRAFT til umræðu. Í framhaldi má taka þetta upp á fundi með NPF sem (ef sammála um breytingar) gætu saman tekið þetta mál áfram.

- B. Egill hjá Breiðablik ræddi kostnað við verðlaunagripi á einlyftumótum og leggur til að einlyftumót verði opin mót. Elsa Pálsdóttir benti á að M3 og M4 keppendur eru ekki gjaldgengir á opnum mótum skv. reglum IPF og þar með fækkar mótum sem þeir geta keppt á. Nýr formaður telur ekki rétt að breyta núv. fyrirkomulagi á mótahaldi hins vegar megi skoða útfærslu á verðlaunagripum. Ellert hjá Massa leggur til að stjórn Kraft komi að kaupum á verðlaunum, kaupi verðlaun í stöðluðu formi og þannig mögulegt að ná fram hagstæðari kjörum. Samþykkt að ný stjórn mun skoða málið og finna því farsæla lausn.
- C. Nýr formaður kynnti uppfærða Afreksstefnu 2026-2034. Afrekssvið ÍSÍ hafði fengið núv. afreksstefnu til yfirlesturs áður en vinna við uppfærslu hófst til að fá þeirra álit. Það kom fram að breytingar gætu orðið á afreksstefnunni þegar Afreksmiðstöð Íslands hefur starfsemi en þar til það gerist vinnur stjórn KRAFT skv. stefnunni. Þegar afreksstefna er samþykkt verður gerð aðgerðaráætlun til að ná markmiðum stefnunnar. Gunnur frá Ármanni benti á mikilvægi þess að nota inngildandi orðalag í stefnunni. Laufey upplýsti að ÍSÍ hefði bent á það og í uppfærslu er þess gætt. Gry fv. formaður spurði um hvort ástæða væri til að móta sérstaka stefnu varðandi kraftlyftingar í búnaði. Formaður telur ekki þörf á því þ.s. afreksstefna þjónar kraftlyftingum með búnaði og klassískum kraftlyftingum. Daði hjá Ármanni spurði hvort hvort ástæða sé til að marka stefnu varðandi ungmennastarf þ.e iðkendur sem eru yngri en keppendur megi vera, þarna sé hópur sem er mikilvægt að ná til.. Sigurjón forseti IPF benti á að mikilvægt sé að gæta sérstaklega vel að þjálfun og æfingum mjög ungra iðkenda þó þeir hafi ekki keppnisrétt. Kristleifur sagði frá að í Massa bjóði þeir íþróttakennurum að koma með hópa á unglíngastigi og æfa í salnum. Elín Melgar hjá Breiðabliki kennir íþróttir og hefur boðið upp á lyftingar sem valfag, það hefur verið mjög vinsælt hjá unglíngunum. Helgi Briem hjá Ármanni sagðist þjálfva mjög unga krakka 11-12 ára og bendir á að þeir þurfi meiri þjálfun og utanumhald en eldri iðkendur.

## 18. Þingslit

Nýr formaður KRAFT, Laufey Agnarsdóttir, sleit þinginu kl. 14.50.